

Fundargerð hreppsnefndar 14. desember 2017

Fundur

Fundur nr. 72 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 14. desember 2017 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Sigríður Bragadóttir, Eyjólfur Sigurðsson og Einar Björn Kristbergsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Almenn mál:

a) Kosning oddvita, 1. varaoddvita og 2. varaoddvita til eins árs

Gengið til kosninga um oddvita og kom fram tillaga um Stefán Grím Rafnsson sem oddvita. Samþykkt með 5 atkvæðum meirihluta að kjósa Stefán Grím sem oddvita til eins árs. 2 sátu hjá. Kosið um 1. og 2. varaoddvita og kom fram tillaga um Bárð Jónasson sem 1. varaoddvita og Unni Ósk Unnsteinsdóttur sem 2. Samþykkt með 5 atkvæðum meirihluta að kjósa Bárð 1. varaoddvita til eins árs og Unni Ósk sem 2. varaoddvita. 2 sátu hjá. Tók Stefán Grímur síðan sæti oddvita og fundarstjórn.

b) Viðauki við fjárhagsáætlun 2017

Lagður fram viðauki vegna framkvæmda ársins 2017 sem sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir.

Viðauki I við fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 tekinn fyrir á fundi sveitarstjórnar í desember 2017.

Flutningur á milli B-hluta stofnana.

Hluti Sundabúðar sem áður var undir Félagslegum íbúðum hefur verið fluttur í sérstaka B-hluta stofnun, Leiguíbúðir aldraðra, hins vegar. Áætlunin er aðlöguð þessari breytingu sem hefur ekki áhrif á tekjur og gjöld.

Viðaukinn borinn upp til samþykktar og hann samhljóða samþykktur.

c) Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps 2018-2021 lögð fram til síðari umræðu

Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árin 2018-2021 A- og B- hluta lögð fram til síðari umræðu. Fyrri umræða fór fram á fundi sveitarstjórnar þann 30. nóvember sl. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu forsendum áætlunarinnar 2018-2021 og þeim markmiðssetningum sem fram eru settar í henni. Helstu liðir áætlunarinnar eru eftirfarandi:

Heildartekjur sveitarfélagsins (A- og B- hluta) á árinu 2018 eru áætlaðar 1.051.2 millj. kr. Þar af eru tekjur A- hluta áætlaðar 726.3 millj. kr. Tekjur A- og B – hluta skiptast á eftirfarandi hátt; skatttekjur 401.1 millj. kr., framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 218.1 millj. kr., aðrar tekjur 432.0 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar í heild á árinu 2018 er jákvæð um 133.8 millj. kr.

Í áætluninni er gert ráð fyrir framkvæmdum að upphæð kr. 104.8 millj. kr.

Helstu framkvæmdir samkvæmt áætlunni eru:

- | | |
|---|-----------------|
| • Bygging vallahúss á íþróttasvæði sveitarfélagsins | 50.0 millj. kr. |
| • Lagning ljósnetts í dreifbýli Vopnafjarðar | 28.0 millj. kr. |
| • Fráveituframkvæmdir | 7.5 millj.kr. |
| • Gatnagerð | 4.0 millj.kr. |
| • Frágangur á lóð leikskólans Brekkubæjar | 4.0 millj. kr. |
| • Sorpurðunarstaðurinn að Búðaröxl v/uppfylla starfsleyfi | 2.5 millj. kr. |
| • Brunavarna, endurnýjun tækja | 2.5 millj. kr. |

2. Fundargerðir:

- a) Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 28. nóvember og 7. desember 2017

Fundargerð dags. 28. nóvember samhljóða samþykkt.

Fram fór umræða um málefni Vopnafjarðarhafnar, einkum með hliðsjón af því sem varðar athafnasvæði HB Granda var eftirfarandi bókað: *Sveitarstjórn óskar eftir sameiginlegum fundi með skipulags- og umhverfisnefnd vegna deiliskipulags á hafnarsvæði þann 04. janúar nk.* Samhljóða samþykkt. Afgreiðslu fundargerðar dags. 07. desember frestað til næsta fundar sveitarstjórnar þann 11. janúar nk.

- b) Nefndar um byggingu vallahúss dags. 5. desember 2017

Fundargerðinni fylgir samantekt funda með hönnuðum 06. desember sl. og gerði Bárður nánar grein fyrir funduferðinni og svaraði framkomnum fyrirspurnum. Að öðru leyti lagt fram til kynningar.

- c) Hafnarnefndar dags. 7. desember 2017

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

d) Svæðisskipulagsnefndar SSA dags. 28. nóvember 2017

Lagt fram til kynningar.

e) Stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands og aðalfundar dags. 6. desember 2017

Lagt fram til kynningar.

f) Stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga og aðalfundar dags. 27. nóvember 2017

Lagt fram til kynningar.

g) 15. fundar stjórnar SvAust

Samþykkt með 5 atkvæðum meirihluta að hafna þátttöku í verkefninu og sveitarstjóra falið að koma því á framfæri.

h) 159. fundar Félagsmálanefndar

Lagt fram til kynningar.

i) 854. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sveitarstjórn tekur heils hugar undir bókun stjórnar sambandsins í 1. tl. fundargerðar þar sem hvatt er til þátttöku í umræðu um kynferðisofbeldi og felur sveitarstjóra að vinna að málinu í samvinnu við velferðarnefnd. Samhljóða samþykkt.

j) 399. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a) Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu

Samhljóða samþykkt að vísa málinu til atvinnu- og ferðamálanefndar. Sótt hefur verið um frest til að skila umsögn til 14. janúar nk.

b) Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

c) Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

d) HSA

Lagt fram til kynningar.

e) Stefáni Braga Birgissyni

Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að svara Stefáni Braga og upplýsa hann um stöðu mála í sveitarfélaginu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 18:02.

[Eylgigögn fundar 141217_4936094.pdf](#)